

Þrjár list- sýningar á Kjarvals- stöðum

Á Kjarvalsstöðum verða á morgun opnaðar þrjár listsýningar. Í vestursal hússins sýnir Baltasar og í vesturforsal sýnir Ragnhildur Stefánsdóttir skúlpúr. Borealis, norræna listsýningin, verður síðan sýnd í austursal og í austurforsölum hússins.

Sýningin Borealis, norrænar myndir 1983, er sett upp á vegum Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Sveaborg, í samvinnu við stjórn Kjarvalsstaða. Sextán norrænir listamenn eiga þar verk, þrír frá hverju landi. Frá Íslandi eru verk þeirra Ásgerðar Búadóttur, Gunnars Arnar og Magnúsar Tómassonar á sýningunni, en hún samanstendur af málverkum, teikningum, vefnaði, skúlpúr og myndverkum af ýmsu tagi.

Við opnun sýningarinnar kl. 14.00 á morgun flytur Sigrún Guðjónsdóttir, fulltrúi Félags íslenskra myndlistarmanna í stjórn Sveaborg, ávarp. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14.00–22.00 til 23. apríl.

Kirkjur á landsbyggðinni

Messur

KIRKJUHVOLSPRESTAKALL:

Söngæfing þriggja kirkjukóra prestakallsins verður í Ási á morgun, laugardag, kl. 14. Á sunnudag verður sunnudagaskóli í Háþéjar-kirkju kl. 10.30 og guðsþjónusta kl. 14. Biblíulestur á prestssetrinu nk. þriðjudagskvöld kl. 21. Samtalsfundur um mannleg samskipti verður á prestssetrinu nk. miðvikudagskvöld kl. 20.30. Auður Eir Vilhjálmssdóttir sóknarprestur.



„Shogun“ í Háskólabíói

HÁSKÓLABÍÓ byrjar í dag sýningar á kvikmyndinni „Shogun“ sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir James Clavell.

Með aðalhlutverk fara leikararnir Richard Chamberlain og Toshiro Mifune, einn þekktasti leikari Japans. Leikstjóri Jerry London.

Vaknar áhugi þinn á Parísarferð við að lesa þetta?



Þú virðir fyrir þér útsýnið úr Eiffelturninum, þengur undir Sigurbogann niður eftir Champs Elysées-breiðstrætinu, siglir á Signu í kvöldsólinni.

Þú neytir kvöldverðar á frábærum veitingastað þar sem frönsk matargerðarlist rís hæst, horfir á glæstar kabarettisýningar í Lido eða Rauðu myllunni, slappar af yfir glasi af góðum veigum og hlýðir á jasstónlist á rökkvaðri knæpu.

Þú umvefur þig tískunni úr glæstum sölum tískukónganna, úr stórverslunum Óperuhverfisins, úr forvitnilegum smáverslunum hægri bakkans.

Þú drekkur í þig listina, meistaraverk liðinna alda í Louvre safninu, hringiðu nútímans í Pompidou-menningarmiðstöðinni, stórkostlegar óperusýningar í stærstu leikhúsbyggingu heims, lifandi listsköpun á hverju strái.

Þú röltir um þröngar göturnar í Latínuhverfinu, innan um fornbóka- og antíkverslanirnar, sest um stund á gangstéttarkaffihús og virðir fyrir þér fjölskrúðugt mannlífið.

Þetta er Parísarlífið.

Og draumurinn er ekki fjarlægur. Með þægilegum og ódýrum Parísarferðum Arnarflugs er Parísarlífið nú innan seilingar. Láttu drauminn rætast. Hafðu samband við næstu ferðaskrifstofu eða söluskrifstofur Arnarflugs.

Ferðatilhögun: Flogið með Arnarflugi til Amsterdam og þaðan áfram með Air France til Parísar, og sömu leið heim. Möguleiki á viðdvöl í Amsterdam. Flug og hótél með morgunverði innifalið í verðinu.

Verð kr. 15.168

miðað við gistingu í tveggja manna herbergi í viku.



Flugfélag með ferskan blæ

ARNARFLUG

Lág múla 7, sími 84477



AUGLYSINGAPJÓNUSTAN

Opið í dag til kl. 21



HAGKAUP

Skeifunni 15
Reykjavík